

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 8. ágúst kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1221. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.
Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Músson, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Bergstaðastræti 20 - USK23070036 Sótt er um leyfi til að reisa óeinangrað og óupphitað gróðurhús á steiptum sökkli á norðvesturhluta lóðar, með 3 metra fjarlægð frá lóðarmörkum á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Bergstaðastræti 70 - USK23070040 Sótt er um leyfi til að breyta gluggum, breyttir og/eða stækkaðir, svalahurð verður gler í stað timburs í húsi nr. 70 við Bergstaðastræti.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
3. Byggðarendi 7 - USK23060380 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri sólstofu í húsi nr. 7 við Byggðarenda.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Óska skal eftir húsaskoðun.
4. Bústaðavegur 81 - USK23050031 Sótt er um leyfi til að gera nýjar dyr og breyta gluggum á norðurhlíð, klæða að utan með bárujárni og breyta innra skipulagi í leikskólanum Garðaborg á lóð nr. 81 við Bústaðaveg.
Erindi fylgir hljóðvístarskýrsla frá Mannvit dags. 3. maí 2023 og yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Grímshagi 2 - USK23060313 Sótt er um leyfi til að reisa tvo nýja kvisti á þak húss nr. 2 við Grímshaga. Umsögn Minjastofnunar dags. 12.apríl 2023 fylgir umsókn.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og/eða grenndarkynningar.
6. Hamraberg 14 - USK23060381 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061590 með því að stækka samþykktu viðbyggingu um 10,0 m² á húsi nr. 14 við Hamraberg.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vantar samþykki meðlóðarhafa.
7. Í Úlfarsfelli - USK23070064 Sótt er um leyfi til að hækka gripahús og breyta í vinnustofu í Úlfarsfelli. Umsókn fylgir niðurstaða frá skipulaginu dags. þann 15.sept.2022 vegna fyrirspurnar.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. Norðurfell 7 - USK23070062 Sótt er um leyfi til að gera tröppur niður í lagna/geymslukjallara og hurð inn í kjallarann í húsi nr. 7 við Norðurfell.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Rafstöðvarvegur 31 - USK23070140 Sótt er um leyfi til að byggja sólskála á austurhlíð húss fyrir eign 01-0101 í húsi nr. 31 við Rafstöðvarveg. Samþykki annarra eiganda fylgir erindinu dags. 06.07.2023.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Rofabær 47 - USK23050220 Sótt er um leyfi til að klæða suðurhlíð og setja létt svalahandrið í stað steyptra á húsum nr. 43,45 og 47 sem eru mhl. 01,02 og 03 við Rofabæ.
Gjald kr.14000.
Frestað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. ágúst 2023
11. Strandasel 7 - USK23060348 Sótt er um leyfi til að fjarlægja hverfiglugga og koma fyrir láréttum póstum með opnanlegum fögum í gluggum á norðurhlíð húss nr. 5-7 við Strandasel.
Bréf frá fundi húsfélagsins Strandasel 5-7 dagsett 26 apríl.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 11:30

Nikulás Úlfar Másson

Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigrún Reynisdóttir